



Við opnun sýningarinnar, forsetinn Kristján Eldjárn og frú, ásamt borgarstjóra og Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt.

„Í þetta hús á að vera gott að koma“

— sagði borgarstjóri, þegar nýja sýningarhúsið á Miklatúni var opnað

— Markmiðið var, að þetta yrði bygging, þar sem fólk gæti í kyrrlátu og hljóðu andrúmslofti skoðað þær sýningar, sem hér verða. Þetta sagði Hannes Kr. Davíðsson arkitekt nýja myndlistarhússins við Miklatún, þegar Vísir ræddi við hann á laugar-daginn, en húsið var þá opinberlega tekið í notkun.

Athöfnin hófst með því að borgarstjórinn, Birgir Ísl. Gunnarsson, flutti ræðu. Í henni rakti hann byggingarsögu hússins. 1965 samþykkti borgar-ráð að gangast fyrir byggingu myndlistarhúss samkvæmt nánara samkomulagi við lista-menn. Helmingur hússins á að vera undir almennan sýningarsal en hinn hlutinn sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum

Jóhannesar S. Kjarval.

„Samkvæmt þessu á húsið að geta orðið vettvangur myndlistar, tónlistar, bókmennta-kynninga, ráðstefna og umræðu-funda um hvers kyns menningarmál, svo að nokkuð se nefnt. Um fram allt á hús þetta að verða menningarmiðstöð borgarbúa. Hér á að ríka það andrúmsloft sem dregur borgarbúa til sín. Menningarlegt umhverfi þar sem fólki líður vel, en þó engin loð-molla. Hér eiga menn að geta tekið afstöðu með eða móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum. Rökrætt og deilt ýmist á fundum eða sín á milli yfir kaffibolla. Í þetta hús á að vera gott að koma“ sagði borgarstjóri í lok ræðu sinna.

Þá flutti Hannes Kr. Davíðsson

formaður Bandalags Ísl. lista-manna ávarp.

Í sýningarsölum „Kjarvalsstaða“ eins og húsið hefur verið nefnt er gengið þannig frá loftum, að full not verða af dagsbirtunni meðan hennar nýtur við. Sólar-geislar brotna og eiga því ekki að valda óþægindum í sýningar-sölunum.

Í húsinu eru nú tvær sýningar, báðar með verkum eftir Jóhannes S. Kjarval. Á annarri sýningunni eru myndir, sem borgin á sjálf eftir listamanninn, en á hinn myndir, sem fengnar hafa verið að láni frá ýmsum aðilum.

Á göngum eru ljósmyndir, sem Jón Kaldal tók af Kjarval á ýmsum tímum. Þar eru einnig sýndar höggmyndir eftir Asmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, og

Guðmund Benediktsson.

Í kjallara hússins er veitinga-stofa og hefur verið samið við Miklagarð hf. um rekstur hennar.

Kjarvalsstaðir eru rúmlega 13000 rúmmetrar en jarðhæð er 2100 fermetrar. Sérstök hústjórn sér um rekstur hússins og er Páll Lindal formaður hennar. Stjórn sýningarsalsins í vesturhluta hússins er þó í höndum sérstaks sýningarráðs sem skipað er hús-tjórn og fjórum fulltrúum Banda-lags Ísl. listamanna. Forstöðu-maður hússins er Alfreð Guðmundsson.

Sýningin á verkum Jóhannesar S. Kjarvals mun standa í nokkurn tíma en ekki er ákveðið endanlega um hvaða sýningar verða í húsinu þegar henni líkur.

—ÓG

ÍS FÉLAG VESTMANNA-EYJA KAUPIR FRYSTIHÚS JÚPITERS OG MARZ

„Eðlileg viðbrögð að við komum okkur fyrir á meginlandinu, segir form. félagsins

„Það eru eðlileg viðbrögð að minni hyggju að við komum okkur fyrir hér á meginlandinu fyrst við getum ekki starfað í Vestmannaeyjum“, sagði Björn Guðmundsson, stjórnarformaður ísfélags Vestmannaeyja í viðtali við Vísir í morgun.

Ísfélag Vestmannaeyja h.f. hefur nú undirritað bráða-birgðakaupsamning við Júpiter h.f. Marz h.f. um kaup á frystihúsi síðarnefnda aðilans á Kirkjusandi. Kaupverðið er rétt tæpar 200 milljónir króna.

Við höfum haft 15-16 báta í viðskiptum í Eyjum. Við teljum okkur hafa skyldum að gegna við þessa báta áfram og viljum m.a. þessvegna halda áfram starfsemi félagsins. Þetta eru bátar hlut-hafanna í félaginu og reiknum við með því að þeir komi til okkar fljótlega eftir að við tökum við húsinu 1. apríl n.k. sagði Björn. — Hann sagðist þó vilja taka skýrt fram, að þegar möguleikar væru til þess mundi Ísfélagið flytja starfsemi sína aftur út í Eyja, ef hús skemmast ekki.

Björn sagði óvíst, hvort vélar og tæki Ísfélagsins, sem flutt hafa verið frá Eyjum verði sett upp í frystihúsinu á Kirkjusandi. — Húsið er ágætlega búið tækjum hjá Tryggva og sé ég því varla neina ástæðu til að að bæta við tækjakostinn, nema kannski eitt-hvað óverulega, sagði hann.

Ísfélag Vestmannaeyja h.f. er nú elzta starfandi hlutafélag landsins, stofnað 1901. Það hefur alla tíð starfað við fiskvinnslu.

—VJ



BJÖRGUÐUST Í LAND Á STIGA

Á myndinni sjáum við hvar Valþór GK-25 liggur uppi í Stekkjarhömrum, en þangað rak

hann stjórnaust eftir að hafa fengið eitthvað í skrúfunu, þegar hann var að koma inn í Kella-

vikurhöfn um miðnætti laugar-dagsnóttina eins og sagt var frá í Vísir á laugar-dag. Norðaustan rok

og leiðindaveður var, þegar slysið átti sér stað, en áhöfnin komst af eigin rammleik frá borði. Stiginn, sem áhöfnin notaði til að komast í land, sést greinilega aftur með skipinu. Myndina tók Magnús Gíslason.

CONÍAKS PÍPUR
nýkomnar
Sérstök og falleg
vara

●

LITAUÐUR KRISTALL
FALLEGT ÚRVAL

●

ANTIK KRISTALL
með gulli
og postulíni

●

**TÉKK-
KRISTALL**
Skólavörðustíg
16 sími 13111